




Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

101 REYKJAVÍK



Umsögn skóla- og frístundasviðs vegna tillögu borgarfulltrúa Flokks fólksins um að lækka gjald fyrir skólamáltíðir um þriðjung - R18090045

Tillaga:

Það er mikilvægt að börn sitji við sama borð þegar kemur að grunnþörfum eins og að fá að borða. Efnahagsstaða foreldra er misjöfn. Sumir foreldrar hafa ekki efni á að kaupa skólamáltíðir fyrir börn sín. Eina leiðin til að tryggja að ekkert barn sé svangt í skólanum er að stuðla að því með öllum ráðum að foreldrar þeirra hafi ráð á að kaupa handa þeim skólamáltíðir. Börnum á ekki að vera mismunað vegna fjárhagsstöðu foreldra þeirra. Fordæmi er nú þegar fyrir lækkun gjalds skólamáltíða í öðrum sveitarfélögum og ætti Reykjavík ekki að láta sitt eftir liggja. Áður hefur Flokkur fólksins lagt fram tillögu um fríar skólamáltíðir en sú tillaga var felld á fundi skóla- og frístundaráðs í ágúst. Borgarfulltrúi Flokks fólksins gerir sér grein fyrir að aðgerð af þessu tagi mun lækka tekjur skóla- og frístundasviðs um meira en 1 milljarð kr. á ári sem er vissulega stór bita af öllum tekjum sviðsins. Í stað þess að fara í sparnaðaraðgerðir innan sviðsins er það ábyrgð borgarinnar að forgangsraða í fjárreiðum borgarinnar og í þessari tillögu er Flokkur fólksins að leggja til að borgin forgangsraði fjármunum í þágu barnanna.

Svar:


Miðað við lækkun gjaldskrár um þriðjung og fjölgunar barna í mat þá væri lausleg áætlun nálægt 361 mkr. (tekjulækkun 351 + 10 mkr hráefni)

Greinargerð varðandi skólamáltíðir:

1. Í lok árs 2016 var gjald vegna fæðis hækkað úr 7.100 í 9.270
2. Um áramóti 2016/2017 var ekki hækkun þar sem hækkun skv. lið 1 var gerð í október 2016.
3. Um áramót 2017/2018 var hækkun í samræmi við almennar gjaldskrárbreytingar borgarinnar þ.e 2,7 %.
4. Gjald fyrir mat 2018 er 9.520 mv. þriðjung lækkun hefði það verði 6.283. Tekjur hefðu verið um 341 mkr. lægri mv. sama fjölda sem greiða fyrir mat.
5. Um áramótin 2018/2019 hækkar gjaldskrá um 2,9% og verður gjaldi 2019 kr. 9.796,- á mánuði., Mv 2019 þá færi verð í 6.465. Tekjur væru þá um 351 lægri.
6. Hlutfall barna sem greiða fyrir mat er tæp 90% í heild.
7. Ekki liggja fyrir upplýsingar hvers vegna börn eru ekki í mat, en hugsanlegar ástæður gætu verið:
 - a. Vill ekki vera í mat – barnið eða foreldri
 - b. Ofnæmi
 - c. Sérfæði
 - d. Efnahagslegar
 - e. Maturinn sem er í boði ekki góður eða henti ekki
8. Hlutfall barna í bekkjum 1-4, er um 98%, í efri bekkjum er hlutfallið misjafn milli árganga

- og skóla.
9. Ekki liggur fyrir hve mikil breyting væri á hlutfalli barna í mat við þessa breytingu, þar sem hlutfall yngri barna er mjög hátt væri óveruleg breyting í yngri bekkjum
 10. Hugsanlega væri aukning um 2%-4%, tekjur vegna fjölgunar væru á móti auknum hráefniskostnaði, viðbótarkostnaður gæti verið um 10 mkr.
 11. Ekki er von á því að annar kostnaður en hráefni hækki þar sem ekki er um miklar breytingar að ræða í fjölda.

Tekjur af máltíðum			
	2016	2017	2018
Janúar	86.466.200	111.457.182	114.181.655
Febrúar	85.779.039	109.361.425	113.917.834
Mars	88.947.372	111.193.754	112.478.007
Apríl	86.577.632	108.914.125	111.869.859
Mái	86.342.284	113.991.166	112.643.621
Júní	921.593	786.995	1.336.980
Júlí	192.500	39.600	16.000
Ágúst	140.550	-	41.180
September	90.118.003	111.715.446	116.057.836
Október	114.658.210	111.217.424	-
Nóvember	115.276.216	110.893.889	-
Desember	114.553.433	115.539.311	-
Heildarsumma	869.691.932	1.005.110.317	682.460.612

Virðingarfyllst

 Helgi Grímsson
 Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs